

LÖG

**um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um
almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1983 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1983.
3. Af fyrstu 153 900 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofns, sem umfram er 153 900 kr., greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1983 vegna tekna ársins 1982 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1983 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1983 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1982 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts, skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1982.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1983 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1982. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúm-mál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1983 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 2 000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VII—XIV kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1983 sem rekstrar-útgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1984. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis I. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1983.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.